

Fundargerð

Árið 2023, miðvikudaginn 20. september kl. 10:00, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í innviðaráðuneytinu að Sölvhólsgötu 7.

Fundinn sátu: Guðmundur Baldvin Guðmundsson formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Dan Jens Brynjarsson, Friðjón Einarsson, Hrund Pétursdóttir, Hörður Hilmarsson, og Theódóra S. Þorsteinsdóttir ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Árna Sverri Hafsteinssyni, Gústav Aron Gústavssyni, og Sigrúnu Dögg Kvaran, sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Jöfnunarsjóður Sveitarfélaga

Ársreikningur 2022

Lögð voru fram til kynningar lokadrög að ársreikningi Jöfnunarsjóðs 2022.

2. Útgjaldajöfnunarframlög 2023

Hækkun framlaga

Starfsmaður Jöfnunarsjóðs kynnti minnisblað dags. 18. september 2023. Tillaga að áætluðu útgjaldajöfnunarframlagi til sveitarfélaga 2023, sbr. 14.gr. reglugerðar nr. 1088/2018, samtals að fjárhæð 13.000 m.kr. Í ljósi eiginfjárstöðu sjóðsins er svigrúm til þess að hækka útgjaldajöfnunarframlög um 1.000 m.kr. Áætluð útgjaldajöfnunarframlög verða þá samtals 14.000 m.kr. á árinu 2023.

Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefndin að hækka áætluð útgjaldajöfnunarframlög um samtals 1.000 m.kr og leggja til við ráðherra áætluð útgjaldajöfnunarframlög fyrir árið 2023 að fjárhæð 14.000 m.kr.

3. Útgjaldajöfnunarframlög

Áætlun framlaga 2024

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætluðu útgjaldajöfnunarframlagi til sveitarfélaga 2023, sbr. 14. gr. reglugerðar nr. 1088/2018, samtals að fjárhæð 15.800.000.000 kr. Samkvæmt áætluninni er lagt til að til úthlutunar núna komi 15.000.000.000 kr. samkvæmt A-hluta.

Jafnframt er áætlað að úthlutun B-hluta framlaganna, skólaakstur úr dreifbýli, nemi 750 m.kr. á árinu 2024 og 50 m.kr. vegna aksturþjónustu fyrir fatlað fólk úr dreifbýli.

Helstu forsendur við áætlun framlaganna vegna A-hluta eru eftirfarandi:

- Áætlun um fjölda íbúa í hverju sveitarfélagi 1. júlí 2023.
- Áætlun um fjölda barna með erlend ríkisfang eða annað foreldri með erlent ríkisfang í hverju sveitarfélagi 1. júlí 2023.
- Upplýsingar um fjölda þéttbýliskjarna og íbúafjölda þeirra í hverju sveitarfélagi 1. júlí 2023.
- Upplýsingar um áætlaðan fjölda íbúa sveitarfélaga 1. jan. 2021, 1. jan. 2022, 1. jan. 2023 og 1. júlí 2023 vegna íbúafækkunar- og fjölgunarframlaga.
- Hámarkstekjur í hverju sveitarfélagi eru miðaðar við forsendur frá því í september 2023 við útreikning áætlaðra tekjujöfnunarframlaga árið 2023 vegna tekjuskerðingar.
- Flokkun sambærilegra sveitarfélaga á grundvelli hámarkstekjumöguleika þeirra er talin vera sem hér segir:
 - a. Sveitarfélög með fleiri en 70.000 íbúa
 - b. Sveitarfélög með 12.000 - 69.999 íbúa
 - c. Sveitarfélög með 300 - 11.999 íbúa
 - d. Sveitarfélög með færri en 300 íbúa

Forsenda við áætlaða úthlutun framlaga vegna B-hluta er eftirfarandi:

- Upplýsingar um fjölda barna í skólaakstri úr dreifbýli og vegalengdir þess aksturs í september 2023.

Fram koma að áætlunin verði tekin til endurskoðunar í byrjun næsta árs á grundvelli íbúafjölda 1. janúar 2024 og endanlegs útsvarsstofns fyrir árið 2022.

Nefndin samþykkti að leggja til við ráðherra áætlun útjaldajöfnunarframlög fyrir árið 2024 að fjárhæð kr. 15.800 m.kr.

Nefndin vill undirstrika, í ljósi niðurstöðu fyrstu áætlunar um útreikning útjaldajöfnunarframlaga, mikilvægi þess að tímabært er að gerðar verði breytingar á núgildandi regluverki Jöfnunarsjóðs.

Yfirlýsing grunnskóla

4. Almenn grunnskólaframlög

Áætlun framlaga 2024

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga til úthlutunar almennra jöfnunarframlaga til reksturs grunnskóla 2024, skv. 3. gr. reglugerðar 351/2002. Áætlaðar heildargreiðslur vegna almennra jöfnunarframlaga nema 14.660 m.kr. á árinu 2024.

Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefndin tillögu til ráðherra um áætlaða úthlutun almennra jöfnunarframlaga til reksturs grunnskóla á árinu 2024 samtals að fjárhæð 14.660 m.kr.

5. Málshöfðun Reykjavíkurborgar á hendur íslenska ríkinu

Staða mála

Lagt var fram til kynningar skjal frá Héraðsdómi Reykjavíkur þar sem fram kemur að aðalmeðferð í máli Reykjavíkurborgar gegn íslenska ríkinu vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hafi verið ákveðin 29. nóvember kl. 9:15.

Yfirlýsing málaflokks fatlaðs fólks

6. Greiðslu- og rekstraráætlun – málefni fatlaðs fólks 2024

Lögð voru fram til kynningar drög að greiðslu- og rekstraráætlun 2024 vegna yfirlýsingar málefna fatlaðs fólks.

Nefndin gerði ekki athugasemd við áætlunina.

7. Breytingar á regluverki

Almenn framlög vegna fatlaðs fólks

Frestað til næsta fundar.

8. Viðbótarframlög ársins 2023

Aðferðarfræði

Starfsmaður Jöfnunarsjóðs ræddi verklag við úthlutun viðbótarframlaga vegna málefnis fatlaðs fólks fyrir árið 2023 og verður málið rætt frekar á næsta fund.

9. Almenn framlög vegna fatlaðs fólks

Áætlun framlaga 2024

Frestað til næsta fundar.

10. Framlög til Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra v. Reykjadals

Framlög ársins 2023

Umræðum um erfiða stöðu Reykjadals var framhaldið frá fundi 1. september og kynnti starfsmaður sjóðsins tillögu að hækkingu framlags eftir samtal við forsvarsmenn Reykjadals.

Eftir umfjöllun samþykkti nefndin að hækka framlagið sem byggir á samkomulagi við innviðaráðuneytið í 117,7 m.kr. á árinu 2023 Jafnframt ítrekar nefndin bókun frá 1. september sl. um að gerð verði rekstrarúttekt á starfseminni.

11. Ársfundur jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Hótel Nordica 20. september 2023

Fjallað var um ársfund Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem haldinn verður í dag kl 16:00 á Hilton Hótel Nordica.

12. Næsti fundur

Áætlað að næsti fundur verði haldinn 20. október kl. 10:00.

Önnur mál voru ekki tekin fyrir og fundi slitið kl. 12:14.

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

Ásta Stefánsdóttir

Hrund Pétursdóttir

Dan Jens Brynjarsson

Hörður Hilmarsson

Friðjón Einarsson

Theódóra S. Þorsteinsdóttir